

Reglur um starfsmenntunarsjóð starfsfólks Alþingis og stofnana þess.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður starfsfólks Alþingis og stofnana þess. Sjóðfélagar eru starfsfólk Alþingis og stofnana þess sem jafnframt eiga aðild að eftirfarandi stéttarfélögum: Félagi Starfsmanna Alþingis, starfsmannafélagi umboðsmanns Alþingis og starfsmannafélagi Ríkisendurskoðunar. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að veita einstaka sjóðfélögum styrki til símenntunar og fræðslu, innan lands sem utan, sem geti nýst sjóðfélögum í starfi, auk styrkja til tómstundaiðkunar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur fulltrúum starfsfólks, og þremur varamönnum, til tveggja ára í senn sem skulu skipaðir af starfsfólki Alþingis og stofnana þess. Stjórnin skiptir með sér verkum og skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti fulltrúa í stjórn að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Framlag vinnuveitenda sem skal nema ákveðnum hundraðshluta af föstum mánaðarlaunum starfsfólks og skal ákveðið í kjarasamningum hverju sinni. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.
- b. Vaxtatekjur.

5. gr.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr.

6. gr.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu sendar stjórn sjóðsins á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

Stjórn sjóðsins skal taka umsóknir um styrki til afgreiðslu eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á hverju ári.

Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur þar sem ákveðin skal hámarksfjárhæð styrkja og meðferð umsókna. Starfsreglur skulu staðfestar af skrifstofustjóra Alþingis. Á grundvelli starfsreglna og fjárhags sjóðsins tekur stjórn ákvörðun um veitingu styrks hverju sinni.

7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga eða annarra gagna er sýna fram á að styrkurinn nýtist á þann hátt sem ætlast er til. Greiðslur úr starfsmenntunarsjóði eru framtalsskyldar og um frádrátt fer samkvæmt skattalögum og ákvörðun skattýfirvalda.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SK", "JH", "RA", and "RR".

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Starfsmannafélög sem eiga aðild að sjóðnum skulu skipa einn endurskoðanda til tveggja ára í senn og vinnuveitendur annan til þess að fara yfir reikninga sjóðsins.

9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skýrsla þessi skal birt á vefsvæði sem starfsfólk Alþingis og stofnana Alþingis eiga aðgang að.

10. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli ákvæða kjarasamnings um starfsmenntunarsjóð og koma í stað fyrra samkomulags og reglugerðar um starfsmenntunarsjóð.

Reykjavík, 16. febrúar 2021

Ragna Árnadóttir,
skrifstofustjóri Alþingis

Dána Rós A. Rivera,
formaður FSA

Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir
f.h. starfsmannafélags
Umboðsmanns Alþingis

Sigríður Kristjánsdóttir
formaður starfsmannafélags
Ríkisendurskoðunar